


Íslenskur iðnaður

SI

8. tbl. 13. árg

Samtök iðnaðarins

Ágúst 2007



Sýnishorn af framlagi þátttakenda í nokkrum keppnisgreinum á Ísmóti 2007.

Meðal viðburða á ÍSMÓTI 2007 - Íslandsmeistaramóti SI og þjónustuiðngreina helgina 1. og 2. sept.:

Hársnyrtir ársins, Snyrtifræðingur ársins, Heilsueyjan Ísland og Demantasýning

Tískusýningar fagfólksins, erlendir fyrirlesarar, glæsileg sölusýning, kynningar og margt fleira

Um 160 fagmenn í hársnyrtingu, snyrtingu, gullsmíði, klæðskurði og ljósmyndun taka þátt í keppnisgreinum SI og fagfélaga í þjónustuiðngreinum á ÍSMÓTI 2007 helgina 1. og 2. september í nýju Laugardalshöllinni. Auk keppenda taka um 50 fyrirtæki, félag og stofnanir þátt í viðamikilli sýningu á staðnum. Í boði verða áhugaverðir fyrirlestrar og í lokin efnt til hátíðarkvölds þar sem úrslit verða kynnt og verðlaun afhent (nánar um hátíðarkvöldið á baksíðu). Enginn aðgangseyrir verður á sýninguna og dagskrá mótsins öll hin glæsilegasta og er því búist við mikilli aðsókn.

Nánari upplýsingar á www.si.is/ismot



Fjöldi erlendra gesta hefur boðað komu sína á ÍSMÓT

Áhugaverður fyrirlestur Michael Cole
laugardaginn 1. september



Michael Cole

Í tilefni ÍSMÓTS heldur Michael Cole fyrirlestur sem enginn í þjónustuiðngreinum ætti að láta fram hjá sér fara!

Skráning á fyrirlesturinn fer fram á www.si.is/ismot

bls. 2



Raforku-
markaðurinn
á Íslandi

bls. 3



Námsefnisstyrkir

bls. 4-5



Viðtal við
Hilmar V.
Pétursson,
forstjóra CCP

bls. 6



Mikill
ávinningur
af atvinnuþátt-
töku eldri
borgara



Gott til
endurvinnslu

Raforku- markaðurinn á Íslandi

Í raun má segja að á Íslandi séu tveir raforkumarkaðir sem lúta ólíkum lögmálum. Annars vegar framleiðsla og sala raforku til orkufreks iðnaðar og hins vegar fyrir almennan markað.

Raforka til stóriðju er í alþjóðlegri samkeppni

Stærri hlutinn er framleiðsla og sala raforku til orkufreks iðnaðar. Sá hluti keppir við raforkuframleiðendur í öðrum löndum með mismunandi orkugjafa. Þar ræður orkuverðið mestu um staðarval fyrirtækja. Mikill meirihluti landsmanna er áreiðanlega hlyntur því að orkulindir þjóðarinnar séu nýttar með skynsamlegum og umhverfisvænum hætti til að skapa útflutningsverðmæti og arðbær störf.

Ríkisábyrgðir og sértækar reglur úr sögunni

Gallinn við uppbyggingu orkuframleiðslu til orkufreks iðnaðar á Íslandi er sá að hið opinbera hefur stjórnað þessari uppbyggingu. Fjármögnun hefur verið tryggð með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga. Miklar deilur hafa staðið árum saman um þær pólitísku ákvarðanir sem að baki búa. Arðsemi framkvæmda hefur verið dregin í efa af því að orkuverðið hefur ekki verið gert opinbert. Samið hefur verið um sérstök ákvæði, t.d. á sviði skattamála, sem önnur fyrirtæki vildu gjarna njóta.

Stjórnvöld setja almennu reglurnar

Slíkir samningar voru nauðsynlegir fyrr á árum þegar skattkerfið á Íslandi var gerólikt því sem þekktist í nágrenna löndum og raunar ónothæft með öllu. Á sama hátt var þá varla á færi einkaaðila að fjármagna verkefni af þessu tagi án aðildar stjórnvalda. Nú eru breyttir tímar og tímabært og vel gerlegt að einkaaðilar standi fyrir, eigi og fjármagni virkjanir og uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Hlutverk stjórnvalda ætti eingöngu að vera að setja almennar reglur um umhverfis- og skipulagsmál. Síðan er og verður það stjórnvalda að ákvarða hvar má virkja og hvernig.

Samkeppnin sem ekki kom

Í nágrennalöndum okkar hafa verið stigin stór skref í þá átt að markaðs- og samkeppnisvæða almennan raforkumarkað. Við höfum að sönnu lögleitt Evrópureglur á þessu sviði á grundvelli EES - samningsins. Gallinn er bara sá að íslenska raforkukerfið er ekki hluti af raforkumarkaði meginlands Evrópu. Það virðist ógerlegt að koma hér á nokkurri sam-



keppni meðan nánast engin umframorka er í kerfinu og langstærsti hluti framleiðslunnar er á hendi eins fyrirtækis með fasta gjaldskrá.

Það þarf aðgerðir til að koma á samkeppni

Vilji stjórnvöld koma á raunverulegri samkeppni á almennum raforkumarkaði þarf að gera tilteknar skipulagsbreytingar:

- *Fyrst af öllu þarf framleiðslan að skiptast á fleiri hendur, þannig að Landsvirkjun sé þar ekki einráð. Stjórnvöld hafa í hendi sér að gera slíkar breytingar.*
- *Í öðru lagi þarf að greina einstaka þætti þessa markaðar hvern frá öðrum með uppskiptingu orkufyrirtækja en ekki einungis bókhaldslegum aðskilnaði. Sérstaklega þarf að skilja samkeppnisþættina (framleiðslu og sölu) frá einokunarpáttunum (flutningi og dreifingu). Þetta verður að gera áður en einkavæðing orkufyrirtækja hefst. Kaup Geysir Green Energy í Hitaveitu Suðurnesja sýna að þessi skipulagsbreyting má ekki dragast lengur.*
- *Í þriðja lagi þarf að einkavæða og selja samkeppnisreksturinn (framleiðslu og sölu) en setja einokunarpáttunum (flutningi og dreifingu) strangar skorður um verðlagningu, hagræðingu og arðsemi. Einokunarpættina á alls ekki að einkavæða og þess vegna þarf að aðskilja þá strax. Einkavæðingin er þegar hafin.*
- *Í fjórða lagi þurfa stjórnvöld að koma hér á virkum uppboðsmarkaði á rafmagni að norrænni fyrirmynd.*

Ekki sértækar aðgerðir

Því miður hefur borið á því að stjórnmalamenn telja að ástandið á raforkumarkaði megi leysa með sértækum aðgerðum eða niðurgreiðslum úr ríkissjóði. Dæmi um slíkt eru sérsamningar við tiltekin fiskeldisfyrirtæki eða þá að kalla garðyrkju „græna stóriðju“ sem á þá væntanlega að vera forsenda þess að garðyrkjubændur fái raforku á sérkjörum á kostnað annarra. Slíkar hugmyndir eru dæmi um gamaldags pólitíska mismunun og leysa engan vanda.

Það sem þarf á raforkumarkaði, rétt eins og á öðrum mörkuðum, er skipulag og leikreglur sem ýta undir samkeppni og eðlilega verðmyndun. Þar hafa stjórnvöld verk að vinna.

Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI





Umhverfistækni

Fyrirtækið MarOrka var stofnað árið 2002 og selur orkustjórnunarkerfi fyrir skip bæði hér heima og erlendis. Orkustjórnunarkerfið er íslenskur tölvubúnaður sem safnar mæligögnum úr skipinu og beitir tölvumódelum til að meta hvar hægt er að gera betur í orkukerfi skipisins. Það skiptir máli undir hvaða álagi allur búnaðurinn keyrir og byggist á því að nýta olíuna á sem hagkvæmasta hátt. Um leið mengar skipið minna, þannig að umhverfismál og sparnaður tengist á beinan hátt.

Fyrirtækið hefur starfað frá árinu 2002 en þá hóf það að selja búnaðinn í íslenska togara. Undanfarin ár hefur fyrirtækið verið að vinna sig inn á alþjóðamarkaði. Búnaðurinn nýtist hvers konar skipum svo sem flutningaskipum og fiskvinnsluskipum. Fyrirtækið hefur vaxið mjög hratt og fékk meðal annars verðlaun fyrir að vera vaxtarsproti ársins 2007 því það óx mest af öllum íslenskum sprotafyrirtækjum. Markaðurinn er mjög stór og mikil eftirspurn er eftir orkustjórnunarbúnaðinum. Menn velta því mikið fyrir sér í dag hvernig þeir geta notað olíu á sem hagkvæmasta hátt.

Bryndís Skúladóttir

Námsefnisstyrkur SI

Umsóknarfrestur fyrir 30. september

Auglýst er eftir umsóknum í seinni úthlutun 2007 námsefnisstyrks SI og þurfa umsóknir að hafa borist Samtökum iðnaðarins, Borgartúni 35, fyrir 30. september.

Samtök iðnaðarins auglýsa nú í fjórða sinn eftir umsóknum um styrki til útgáfu á námsefni í iðngreinum og öðrum greinum sem varða iðnað. Í fyrra var varið alls um níu milljónum króna til sjö verkefna.

Styrkur er greiddur eftir því sem verki vindur fram.

Skilyrði fyrir styrkveitingu:

- Fyrir liggi skuldbinding um heildarframvindu verkefnis.
- Verkefnið svari raunverulegri þörf fyrir náms- eða kennsluefni.
- Verkefnið sé unnið í samvinnu við þá, sem málið varðar, s.s. skóla, féлага og fyrirtæki.
- Aðrir en Samtök iðnaðarins fjármagni verkefnið a.m.k. að hálfu.
- Þeir sem vinna verkefnið hafi reynslu og þekkingu á viðkomandi sviði.

- Tryggt skal að námsefnið nýtist til kennslu í skólum og á vinnustöðum.

Í umsókn komi eftirtalið fram:

- Lýsing (hámark 100 orð) á verkefni sem styrkja skal.
- Tilgangur og þörf.
 - Markhópur.
 - Ábyrgðarmaður verkefnis.

Verk- og fjárhagsáætlun:

- Þátttakendur í verkefninu. Hlutur hvers, fjárhagslegur og verkefnalegur,
- tiltekinn.
- Framvindu lýst.
- Fjármögnun.
- Útgefandi.

Frekari upplýsingar gefur Ingi Bogi Bogason.



Fleiri kjósa umhverfisvottun

Enn fjölgar í hópi þeirra fyrirtækja sem fengið hafa umhverfisstjórnunarkerfi sitt vottað samkvæmt ISO 14001 staðlinum. Nýlega hlaut Actavis á Íslandi slíka vottun en kerfið var innleitt eftir aðeins eins árs innleiðingarferli. Stefna Actavis er að starfa á ábyrgðarfullan hátt í samfélaginu og að í allri starfsemi sinni séu umhverfissjónarmið, ásamt öryggi og heilsu starfsmanna höfð að leiðarljósi.

ISO 14001 staðallinn nær yfir stefnumótun, markmiðssetningu, framkvæmd og eftirlit umhverfisþátta sem viðkomandi fyrirtæki getur stýrt eða haft áhrif á. Fyrirtæki setja sér eigin markmið um úrbætur, ásamt áætlunum um hvernig þessum markmiðum skuli náð. Fyrirtæki, sem byggt hefur upp umhverfisstjórnunarkerfi samkvæmt staðlinum, getur fengið kerfið vottað af óháðum aðila.

Borgarplast hefur verið vottað einna lengst íslenskra fyrirtækja en það hefur bæði gæðavottun og umhverfisstjórnun arvottun. Þegar Borgarplast fékk gæðavottun árið 1993 var það fyrsta fyrirtækið hér á landi til að fá slíka vottun en annað fyrirtækið sem fékk umhverfisstjórnun arvottun árið 1999. Alcan, Álverið í Straumsvík, var á undan og fékk vottun nokkrum mánuðum fyrr. Þá voru tiltölulega fá fyrirtæki í heiminum með vottað umhverfisstjórnunarkerfi. Nú hafa 10 fyrirtæki hlotið ISO 14001 vottun hérlandis en þau eru, auk ofangreindra, Árvakur hf., Hópbílar hf., Hagvagnar, Orkuveita Reykjavíkur, Línuhönnun, Orkusvið Landsvirkjunar og nýjasta vottunin er til Toyota á Íslandi.

Bryndís Skúladóttir

SI



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
8. tbl. 13. árg. Ágúst 2007
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 15.08.2007
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Plaströkkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Jóhannes Long, Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

„Brjálæði að detta í hug að byrja á þessu“

segir Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP

Fýrr í sumar fagnaði fyrirtækið CCP 10 ára afmæli sínu og flaggskip þess tölvuleikurinn EVE ONLINE, sem byrjað var að þróa árið 2000, hefur nú náð heimsathygli að sögn Hilmars Veigars Péturssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Á þessu ári náði fyrirtækið einnig þeim merka áfanga að útskrifast úr hópi sprotafyrirtækja en það gerist þegar fyrirtæki hefur náð því marki að velta einum milljarði króna. Hilmar segir að fyrirtækið hafi náð þessu marki án þess þrátt fyrir að hafa sáralítin heima-markað. Leikurinn hefur fengið verðlaun og viðurkenningar um allan heim og nýtur fremur virðingar en hitt að sögn Hilmars.

Íslenskt samfélag fyrirmynd EVE ONLINE

Þegar talið berst að erfiðleikum útflutningsfyrirtækja m.a. vegna sterkrar stöðu krónunnar segir Hilmar: „Við hjá CCP lítum þannig á að það eigi aldrei að vellta sér uppúr veikleikum heldur finna aðferðir til að breyta þeim í styrkleika. Þú segir bara við sjálfan þig að það sé betra að vera á Íslandi og finnur svo rök til þess að bakka upp þá fullyrðingu. Íslenskt samfélag er lítið og samskiptaleiðir greiðar og tryggar og almennur skilningur er á því hvernig það virkar. Það er oft á tíðum ekki eins auðvelt í stærri samfélögum. Þar hafa menn ekki þá yfirsýn sem þeir hafa hér á landi. Boðleiðirnar í stórum samfélögum eru lengri og flóknari og fáir hafa fulla yfirsýn. Hér á landi er hægt að átta sig á hvernig 300 þúsund manna samfélag byggist upp og endurskapa það í lögum og reglum sýnarveruleika samfélags. Vissulega er ekki hægt að gera það beint, mikið af aðlög-

un þarf til, en tel að við íbúar smáþjóðar höfum samkeppnisforskot til þess.“

Hvað var erfiðast við að koma EVE – ONLINE á koppinn?

„Það er ekki neitt eitt sérstakt sem hægt er að nefna til sem erfiðast. Það hafa verið margar ákoranir til að takast á við, en þær hafa verið mismunandi á mismunandi tímum. Í fyrsta lagi var það ákveðið brjálæði að láta sér detta í hug að byrja á þessu. Síðan þurfti að ráða starfsfólk til að taka undir þá brjálsemi. Þá þurfti að fá fjárfesta til að taka þátt í brjálæðinu. Síðan tók við mjög mikil vinna við að búa til leikinn. Það tók okkur lengri tíma en við ætluðum í upphafi og við þurftum á þolinmæði fjárfesta og starfsfólks að halda. Næsta skref var svo að koma leiknum á markað en fyrirtækið átti í basli með erlenda útgáfufyrirtækið, Simon & Schuster Interactive sem CCP gert útgáfusamning við. Simon & Schuster tók ákvörðun um að hætta að gefa út tölvuleiki á sviðuðum tíma og EVE Online kom út. Þá var ekki annað að gera í stöðunni en endurheimta útgáfuréttinn.“

Flókið að reka 200 þúsund manna samfélag

„Þegar útgáfurétturinn var að nýju kominn í hendur CCP var hafist handa við markaðsetningu á netinu til þess að afla fleiri notenda. Eftir því sem notendafjöldinn hefur vaxið erum við stanslaust að endurbæta tæknina og vélbúnaðinn til að bera allan þennan áskriftarþunga. Núna þegar við erum kominn með 200 þúsund manns í leikinn þá þarf meira og meira að vinna í því að byggja félagslega innviði til að efla vöxt og viðgang EVE

Online sem sýndarveruleikasamfélags. Þetta er stanslaus barátta en ekki hægt að festa hönd á því sem er erfiðast. Það er alltaf verið að takast á við stórmál á hverju þroskastigi fyrirtækisins og við segjum bara – þetta á að vera erfitt – og þegar það hættir að vera erfitt þá erum við bara orðnir latir. En þetta er líka skemmtilegt. Það má ekki gleyma því, það er fátt skemmtilegra en að vera stöðugt á brún hins ómögulega.“

Starfsmenn í mörgum heimshornum

„Fastir starfsmenn CCP eru nú um 240 talsins og starfa um allan heim. Að auki vinnum við mikið í því að úthýsa miklu af mannfrekustu þáttum starfseminnar. Sem dæmi má nefna að hátt í 100 manns í Kína eru nú að vinna með okkur í að endurgera alla graffkína á EVE og auka gæðin. Ástæðan fyrir því að við gerum það í Kína er ekki eingöngu sú að það er ódýrara heldur vegna þess að erfitt er að finna svo margt sérhæft starfsfólki í minni samfélögum. Hérna heima gætum við hugsanlega grafið upp 20 gaura – sem þætti gott. Þetta leyfir okkur að halda áfram af þeim krafti sem við viljum gera. Þá er um að gera að mynda sterk tengsl við góða samstarfsaðila. Það leyfir okkur að auka framleiðslugetuna eða jafnvel draga úr henni eftir því sem sviptivindar leyfa í þessum heimi.“

Hvað með samskipti fjárfesta og frumkvöðla?

„Samskipti fjárfesta og frumkvöðla er klassískt málefni í soprotafyrirtækjum og erfitt að koma með einhverja patent lausn á því máli. Að vissu leyti var ákveðin áskorun hjá okkur, þegar við



vorum að gera hluti sem voru mjög fram-
arlega á merinni eins og ætla sér að
búa til 200 þúsund manna geimtölvuleik
á Íslandi. Þá var oft á tíðum erfitt að
útskýra af hverju þetta gekk hægar en til
stöð. Ég held að allir, sem koma að
sprotafyrirtækjum, þurfi að hafa það í
huga að þetta tekur langan tíma og
menn þurfa að leggja hart að sér við að
brúa bilið hvort sem þeir eru fjárfestar
eða starfsmenn. Það er um að gera að
gera það báðum megin frá. Aðalatrið að
menn skilji það og hvorir tveggja reyni
að ná saman og þannig tekst að brúa
bilið. Það er mjög slæmt þegar önnur
hvor fylkingin leggst í skotgrafir. Þá verður
ekkert úr neinu."

Stöðugt gengi krónunnar skiptir mestu máli

„Íslenskt efnahagsumhverfi er óstöðugt
að grunni til. Maður horfir bara á gengi
krónunnar og vaxtastig Seðlabankans.
Flest stærri fyrirtæki eru fjármögnuð
með erlendri mynt vegna þess að íslenskir
peningar hafa verið verðlagðir út af
markaðnum. Við hvetjum stjórnvöld til
dáða og vonum að takist að koma á
stöðugra umhverfi. Fyrirtæki geta yfir-
leitt lagað sig að ytri aðstæðum en það
er erfitt að vera stöðugt að því. Þá verður
oft minna af öðrum verkum. Þegar
stöðuleika nýtur þá höfum við eðlilegan
samanburð milli íslenskra gæða og er-
lendra en þegar verðið breytist um 30%
á nokkrum mánuðum er ómögulegt að
gera nokkra áætlun um vöxt, uppbygg-
ingu, mannaáðningar og annað slíkt
vegna þegar að reksturinn er eins og
lauf í gengisvindi."

Stjórnvöld gætu gert lífið léttara

„Við veltum þessu þó ekki mikið fyrir
okkur. Þetta er bara svona. Hver hefur
sinn drösul að draga og við bara drögum
hann. Við höfum stundum sagt að stjórn-
völd geti vissulega gert sprotafyrirtækj-
um lífið léttara. Ef þau gerðu það spryttu
líklega fleiri sprotar úr grasi og við vær-

um með fjölbreyttari flóru. Mikið er hægt
að gera eins og koma fram í tillögum
stjórnvaldaflokkana á sprotapingi 2007.
Nú er bara að bretta upp ermarnar og
ganga í málið.

Bíða kaupendur í röðum nú þegar vel gengur?

„Alls konar aðilar hafa rætt við CCP í
gegnum tíðina en það er hvorki áhugi
meðal starfsfólks né hluthafa eins og
sakir standa að hætta núna því að þá
erum við í raun að segja að við séum
búin að koma þessu eins langt og við
getum sjálfir. Við teljum að við getum
náð talsvert lengra eins og dæmin sýna.
Við erum frekar að kaupa fyrirtæki en að
láta kaupa okkur. Á síðasta ári keyptum
við bandarískt fyrirtæki. Þó að ytri vöxt-
ur sé ekki keppikefli í stefnu fyrirtækisins
þá nýtum við vissulega tækifærin þegar
þau gefast ef þau eru sniðin að því sem
við erum að gera."

Er stefnt að skráningu á hlutabréfamarkaði?

„Við höfum ávallt gert okkar besta til
þess að reka CCP þannig að það sé
tilbúið í skráningu. Bókhald og uppgjör
og allt í kringum stjórnun fyrirtækisins er
þannig að það sé tilbúið til skráningar.
Það er ekki markmið í sjálfu sér að fara
á markað. Fyrirtækið hefur skilað ágætis
hagnaði og vaxtarmöguleikar eru miklir
– næstum óendanlegir. Á síðasta samein-
aðist CCP bandarísku fyrirtæki White
Wolf Publishing þannig að við nýtum
okkur vissulega tækifærin þegar að þau
gefast. Hver veit nema að það komi að
þeim tímamarki að það gæti verið rétt
að ákveða að sækja fé á markað til að
geta gripið þá vaxtarmöguleika sem
standa til boða af eins miklum þrótti og
hægt er."

Þrjóska mikilvægasti eiginleikinn

„Við vonum að sá árangur sem CCP hefur
náð leiði til þess að fleiri öðlist sjálfs-
traust til að fara af stað. Úr því að við

getum það þá hljóta fleiri að geta það.
Við erum ekki þannig snillingar – við
bara þrjóskuðumst við og neituðum að
gefast upp. Íslendingar hafa þrjóskað í
gegnum harðindi og eldsumbrot og ég
held að það sé okkur í blóð borðið að
neita að gefast upp. Það er mikilvægasti
eiginleikinn."

EVE – ONLINE er sýndaveruleiki – ólíkur öðru

„Það sem gerir EVE ONLINE ólíkan öðr-
um leikjum er að allir spila sama leikinn.
Allir hafa áhrif á alla hina. Heimurinn
sem þú lifir í mótast af öðrum leikmön-
num. Þetta gerist ekki í sama mæli í öðr-
um leikjum sem eru yfirleitt hólfaðir
niður í smærri samfélög – án víxlverk-
unar. Þú ert með 200 þúsund manns í
sama suðupottinum og þá verður víxl-
verkun milli manna að vissu leyti miklu
meira spennandi en t.d. með 50 þúsund.
Samhengi hlutanna verður þá stærra.
Við höfum séð ótrúlegustu hluti spretta
út úr því umhverfi sem endurspeglar raun-
verulegt samfélag, bæði það besta og
það versta.

Hvernig er haldið utan um þetta?

Við erum með 50 manna þjónustuver
sem gegnir að vissu leyti hlutverki
félagsþjónustu, lögreglu og dómstóla.
Við erum með yfirstjórn í vöruþróun og
framþróun leiksins sem fylgist mjög vel
með því hvað má betrumbæta leikinn til
langs tíma. Við vorum t.d. að ráða hag-
fræðing sem passar að efnahagskerfið
virki. Við munum halda áfram við bæta
við okkur sérfræðingum á öllum sviðum.
Við þurfum hagfræðinga, stjórnmála-
fræðinga, bókmenntafræðinga, eðlisfræð-
inga, stærðfræðinga, verkfræðinga, tölv-
unnarfræðinga, félagsfræðinga, viðskipta-
fræðinga, myndlistarmenn svo fátt eitt
sé nefnt. Með þekkingu að vopni munum
við endurskapa og allt það sem venjulegt
samfélag þarf á að halda, EVE Online er
ekki lengur bara tölvuleikur.

Þóra Kristín Jónsdóttir



Mikill ávinningur af atvinnuþátttöku eldri borgara og öryrkja

Fyrir kosningar í vor var staða öryrkja og eldri borgara mikið í sviðsljósinu og kröfur um að hagur þeirra verði bættur hafa orðið stöðugt háværari. Í ræðu sinni á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins í vor sagði Geir Haarde forsætisráðherra m.a. að aukinn hagvöxtur kallaði á fjölgun starfsmanna. Nýta þyrfti allar vinnufærar hendur eins og hægt væri en það krefðist sveigjanleika á vinnumarkaði og aukinnar þátttöku eldri starfsmanna og öryrkja eftir því sem kostur væri.

Á sumarþingi í kjölfar Alþingiskosninga í vor urðu nokkur frumvörp að lögum fyrir þinglok. Meðal þeirra voru lög sem vörðuðu almannatryggingar og málefni aldraðra um afnám tekjutengingar við atvinnutekjur 70 ára og eldri. Því ber að sjálfsgöðu að fagna að atvinnutekjur skerði ekki lengur bætur þeirra sem eru 70 ára og eldri, eins og segir í nýjasta fréttabréfi Samtaka verslunar og þjónustu, en þau hvetja ríkisstjórnina jafnframt til að lækka aldurinn í 67 ár hið fyrsta því að í landinu fjölgi þeim borgurum sem vilja og geta unnið margvísleg störf í mismunandi starfshlutfalli en fást ekki út á vinnumarkaðinn vegna þess að með launuðu starfi skerðast aldurstengdar greiðslur þeirra og það á einnig við um bætur til öryrkja.

Ríkissjóður hagnast umtalsvert

Niðurstöður nýrrar rannsóknar, sem gerð var í vor á vegum Rannsóknarseturs verslunarinnar að Bifrost, leiða í ljós að ríkissjóður gæti hagnast um röska fjóra milljarða króna vegna launatekna eldri borgara og öryrkja. Ástæðan er sú að fleiri bótaþegar sæju sér hag í að stunda launavinnu ef tekjutenging bóta yrði afnumin.

Vinnusamningar öryrkja á almennum markaði

Tryggingastofnun er heimilt að semja við atvinnurekendur á almennum vinnumarkaði um að þeir ráði til starfa fólk sem nýtur örorkulífeyris, örorkustyrks, endurhæfingarlífeyris eða slysaörorku undir 50 prósentum. Þannig gefst fólki með skerta starfsgetu tækifæri til að þjálfast til starfa á almennum vinnumarkaði og afla sér reynslu í starfi sem það telur sig helst ráða við. Markmiðið með gerð slíkra vinnusamninga er að gefa fólki með skerta vinnufærni kost á vinnu og þjálfun á almennum markaði. Vinnusamningar þykja gott úrræði til endurhæfingar



og hafa gefið mörgum tækifæri til að fóta sig á vinnumarkaði. Einkafyrirtæki, hlutafélög og stofnanir ríkis og sveitarfélaga geta gert vinnusamninga við Tryggingastofnun af slíku tagi.

Fyrirtækið fær hluta launa og launatengdra gjalda endurgreiddan

Stofnanir, sem sinna vinnumiðlun eða endurhæfingu fatlaðra, er að finna um allt land og þær sjá um að undirbúa skriflegan vinnusamning. Þær eru því tengiliður milli umsækjandans, viðkomandi fyrirtækis og Tryggingastofnunar. Starfsmaðurinn þiggur laun samkvæmt kjarasamningi sem er í gildi milli launþega og atvinnurekenda og nýtur réttinda í samræmi við hann. Hlutfall endurgreiðslu launa og launatengdra gjalda til fyrirtækisins vegna starfsmanns, skal vera á bilinu 25% til 75% af dagvinnulaunum og launatengdum gjöldum.

Hátt í 350 vinnusamningar öryrkja

Árið 2003 voru 237 öryrkjar með vinnusamning en á síðasta ári voru slíkir samningar 347 talsins og hefur farið fjölgandi með hverju ári að sögn Ásdísar Eggertsdóttur sem heldur utan um slíka samninga hjá Tryggingastofnun. Hún segir mikið um slíka samninga við ríki og sveitarfélög og allmörg fyrirtæki á almennum markaði. Á síðasta ári nýttu tæplega þrjú prósent öryrkja sér slíka vinnusamninga.

Vinnuþátttaka liður í betri heilsu

Elísabet Guttormsdóttir hjá Vinnumálastofnun við Engjateig í Reykjavík hefur

lengi unnið að þessum málum. Varðandi atvinnumál fatlaðra segir Elísabet: „Verkefni, verkstjórn og skilningur innan fyrirtækja skipta miklu máli. Einnig er vinnan liður í að koma fólki til bættrar heilsu. Ég er ánægð með samstarfið við þau fyrirtæki sem gert hafa vinnusamninga en mér finnst að fyrirtæki almennt þyrftu að setja atvinnumál öryrkja í auknum mæli á dagskrá og athuga t.d. möguleika á hálf dags störfum fyrir fólk með skerta starfsorku á einhverju sviði.“

Nýjar áherslur

Að sögn Elísabetar er nú unnið að tilraunaverkefni Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Markmið verkefnisins er að grípa sem fyrst inn í óvinnufærni með ráðgjöf og endurhæfingu þar sem áhersla er lögð á atvinnuleit. Hún telur mikilvægt að fólk komist sem fyrst í endurhæfingu sem felst m.a. í að stunda vinnu við hæfi. Elísabet segir að margt sem snertir fyrirbyggjandi starf á þessu sviði sé dálítið óþlæggður akur en umræðan hafi breyst mikið til batnaðar á undanförunum árum og mönnum sé orðið æ ljósara mikilvægi samvinnu þeirra aðila sem sinna endurhæfingu.

Tryggingastofnun ríkisins og sýslumannsskrifstofur vítt og breitt um landið, svo og þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar, veita nánari upplýsingar um vinnusamninga öryrkja.

Þóra K. Jónsdóttir
Sjá nánar á vefsíðum
www.vinnumalastofnun.is
www.tr.is

Hver er gæðatrygging þín!

Þegar við íhugum að kaupa tiltekinn hlut viljum við að sjálfsögðu skoða hann í bak og fyrir áður en við festum kaupin. Þannig getum við metið hvort hann uppfyllir allar okkar væntingar eða hvort hann er nægilega sléttur, glansandi, mjúkur eða hvað það nú er sem við leggjum áherslu á. Við getum líka prófað hann, jafnvel fengið lánaðan í tiltekin tíma til að vera alveg viss um að við gerum góð kaup. Ef af kaupunum verður tókum við hlutinn með okkur eða semjum um hvernig afhending fer fram.

Þetta er þó aðeins hægt ef búið er að framleiða eða byggja það sem við hyggjumst kaupa þegar skoðun fer fram. Vörur í verslun, bílar á bílasölu og fullbyggð hús er hægt að skoða áður en gengið er til samninga og meta hvort fullnægja væntingum okkar.

Að kaupa í samræmi við eigin væntingar

Hins vegar þegar okkur vantar nýtt hús, nýtt skip, brú, veg eða annað sem ekki er hægt að kaupa af lager þá getum við ekki skoðað fyrirbærið sem ennþá er aðeins hugmynd í höfðinu á okkur.

Við byrjum á því að finna einhvern til að útfæra hugmyndina og setja niður á blað í formi verklýsinga og teikninga. Þegar því er lokið þurfum við að finna annan aðila til að byggja eða framleiða samkvæmt teikningunum. Við erum þar með orðin verkkaupi sem þarf að ráða verktaka í vinnu, annarsvegjar hönnuð og hinsvegjar frameiðanda.

Við getum hvorki skoðað né metið að fullu hönnunina eða framleiðsluna fyrr en að verki loknu og að óbreyttu er lítil trygging fyrir því að hlutirnir verði eða gangi eftir í samræmi við væntingar okkar.

Tekst hönnuðurinn að túlka hugmyndir okkar og koma þeim með skilvirkum og áreiðanlegum hætti niður á blað á tilskildum tíma og umsömdu verði?

Ræður framleiðandinn við verkið? Lýkur hann því á umsömdum tíma? Byr hann yfir nægilegri þekkingu og ræður hann yfir réttum tækjum og tólum, svo að nokkuð sé nefnt? Ef svo er ekki eru allar líkur á að við stöndum uppi óánægð og fjárhagslega sköðuð.

Rétt gæði

Úr því að við getum hvorki skoðað vöruna né verið viss um rétta afhendingu, þegar við skrifum undir samning, þurfum við sem verkkaupar að krefjast þess að

Ferdinand Hansen
gæðastjóri SI



verktakinn, hvort heldur hann er hönnuður eða framleiðandi, leggi fram tryggingu um gæði.

Hugtakið gæði í þessu samhengi felur í sér að verktakinn fullnægi væntingum viðskiptavinarins með því að verða við kröfum hans í einu og öllu. Þá er sama hvort um er að ræða tímasetningar, verð, útlit, öryggi, vörugæði eða annað sem varðar verkið. Hönnuðurinn þarf að vinna úr og fullnægja kröfum sem ennþá eru eingöngu í höfði verkkaupans en verktakinn vinnur úr sömu kröfum eftir að hönnuðurinn er búinn að koma þeim á blað í formi verklýsinga og teikninga ásamt öðrum kröfum og breytingum sem verkkaupinn óskar eftir meðan á framkvæmdum stendur.

Verktakar, sem bjóða í verk, fullyrða að þeir séu starfi sínu vaxnir. Ef svo væri í öllum tilvikum væri ekki til fúsk eða vanefndir í verktakaiðnaðinum. Því miður eru allt of mörg dæmi um að verk gangi ekki samkvæmt samningi. Misskilningur, vanefnd loforð, lélegt skipulag, engir eða óljósir samningar, vankunnátta, óskýrar boðleiðir, óljósir vinnuferlar og slæleg stjórnun er meðal þess sem um má kenna þegar illa fer. Til að við, sem verkkaupar, lendum ekki í slíku þegar við veljum verktaka þurfum við að þekkja til hlítar og meta þau vinnubrögð sem hann hyggst beita við stjórnun og faglega vinnu.



Gæðatrygging

Við gerum því kröfu um að hann leggi fram svo kallaða gæðatryggingu sem er fólgin í því að hann leggur m.a. fram eftirtalin gögn úr gæðakerfinu sínu til að kynna okkur hvernig hann hyggst tryggja gæðin við framgang verksins:

- **skipurit** sem sýnir hlutverk og ábyrgð stjórnenda og boðleiðir þeirra á milli
- **verkáætlun** og lýsing á hvernig hann hyggst vinna helstu verkþætti
- **vottorð** eða tæknilýsingar á öllu hráefni
- hvernig **móttöku** á hráefni verður háttað þannig að það sé samkvæmt lýsingum, óskemmt og í réttu magni.
- hvernig **skilaboð** eða upplýsingar, sem berast með pósti, rata í réttar hendur
- hvernig **ný hönnunargögn** verða meðhöndluð og rýnd
- hvernig **kröfur um breytingar** eða aukaverk rata óbrenslaðar í réttar hendur
- hvernig **haldið verður utan um** verð- og magnbreytingar vegna óska um aukaverk og breytingar
- hvernig **brugðist verður við** ef mistök (frábrigði) koma í ljós
- hvernig **öryggi starfsmanna** verður tryggt
- hvernig **eigin gæðaeftirlit** verður sinnt

Þegar verkkaupinn leggur þessi gögn fyrir okkur sem verkkaupa gerir hann okkur þar með tilboð um gæðatryggingu. Það verklag, sem hann kynnir, á að tryggja góða stjórnun á verkinu. Það er gæðastjórnun.

Gögnin eru skrifleg því að við þurfum að meta innihald þeirra og gera athugasemdir eða hafna viðskiptum við verktakvann ef við teljum að það verklag, sem hann býður, leiði ekki til þess að allt gangi eftir eins og við væntum.

Meðan á verkinu stendur notum við gögnin til að herma loforð um tiltekið verklag upp á verktakann ef honum hættir til að fara út af sporinu.

Viðskiptavinurinn, greiðir fyrir vöruna og verktakinn á að tryggja að hann þekki væntingar hans á hverjum tíma og vinni samkvæmt því.

Ferdinand Hansen

Galakvöld ársins 2007

Hátíðarkvöld ÍSMÓTS

sunnudagskvöldið 2. september í nýju Laugardalshöllinni

Glæsileg dagskrá með fordrykk, þrírétta ljúffengum kvöldverði, sviðssýningu, skemmtiatriðum, söng, tónlist, dansi og fleira.

Tryggðu þér miða strax!

Miðasala stendur yfir á www.si.is/ismot

DAGSKRÁ

Veislustjóri: Hera Björk Þórhallsdóttir, söngkona

Húsið opnar kl. 19:00

Fordrykkur - Sætur sigur

Borðhald, sviðssýningar, úrslit og verðlaun

Forréttur - Sköpun í verki

Listsköpun í hári - Stórkostleg
sviðssýning Rudy Mostarda

Aðalréttur - Demantar að eilífu

Úrslit og afhending verðlauna

Hársnyrtir ársins - Hairdresser of the Year
Norrænn ungliði ársins - Nordic Youth Skills 2007

Listsköpun í hári - Avant Garde of the Year
Snyrtifræðingur ársins

Skartgripur ársins - fyrir dómur / herra

Tímavélin - hönnunarkerpni nemenda

Ljósmynd ársins

Ljósmyndari ársins

Eftirréttur - Fagmennska í tísku

Tískuteymi ársins

Litur og litun ársins

Hársnyrtistofa ársins

Snyrtistofa ársins

Skartgripaverslun ársins

Stuðboltinn Páll Óskar Hjálmtýsson
tekur lagið og þeytir skífum fram á rauða nótt

Hátíðarlök eru áætluð um kl. 01:00

**Misstu ekki af galakvöldi ársins
Tryggðu þér miða strax!**



**Þema kvöldsins verður
DEMANTUR**



Miðasala:

Miðaverð kr. 6.900 -
Borðvín og aðrir drykkir ekki innifalið

Miðasala fer fram á
www.si.is/ismot

Hægt er að greiða með VISA/EURO
eða leggja inn í banka. Sjá nánar
við skráningu á vefnum.

Þóra Ólafsdóttir tekur við borðapöntunum
í síma 591 0100 til föstudagsins 31. ágúst.